

**Ed.** **19. Frumvarp til laga** [19. mál]

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971.)

**1. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

Fylgiskjal.

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um breyting á lögum nr. 30 28. apríl 1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Landbúnaðarráðherra hefur tjáð mér, að heimild ráðherra til að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum sé ekki lengur fyrir hendi, samkvæmt lögum nr. 30/1966. Á undanförunum árum hafi verið unnið að byggingu nýrra sláturhúsa, og hafi mikið áunnizt í því efni. Hins vegar þurfi enn um sinn að leyfa slátrun í ólöggiltum sláturhúsum, þar sem yfirdýralæknir eða héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt á viðunandi hátt, og beri því brýna nauðsyn til að framlengja heimild ráðherra til að leyfa slátrun í þessum sláturhúsum.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

**1. gr.**

2. mgr. 2. gr. laganna orðist svo:

Ráðherra getur þó, þar sem brýn nauðsyn krefur, leyft slátrun til eins árs í senn í sláturhúsum, sem ekki eru svo úr garði gerð, að löggilding geti farið fram á þeim, ef yfirdýralæknir, eða hlutaðeigandi héraðsdýralæknir telja, að slátrun og meðferð sláturafurða geti tekizt þar á viðunandi hátt. Undanþágu má þó ekki veita nema til ársloka 1973.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1971.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ingólfur Jónsson.*